

**L Ö G**

um veitingu ríkisborgararéttar.

1

26. jan.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Með lögum þessum er islenzkur ríkisborgararéttur veittur eftirtöldum aðilum:

1. a. Dr. phil. Karl Max Herbert Metzner, fæddur 20. nóvember 1900 í Dessau.  
b. Frú Johanne Jenny Dora Metzner, fædd Hansen, fædd 6. febrúar 1904 í Hamburg.  
c. Hans Herbert Brix Metzner, fæddur 27. september 1935.
2. a. Bernhard Albert Fritz Wiencke, fæddur 28. júní 1913 í Hamburg.  
b. Frú Elsa Frida Wiencke, fædd Peterhänsel, ekkja Nottelmann, fædd 27. apríl 1920 í Hamburg.  
c. Karin Lena Peterhänsel, nefnd Nottelmann, fædd 10. marz 1938 í Hamburg.  
d. Peter Peterhänsel, nefndur Nottelmann, fæddur 14. ágúst 1941 í Hamburg.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

**FORSETA BRÉF**

2

13. febr.

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 68. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 21. janúar 1949, kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.